



## Lífsleikni 2.bekkur

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p><b>Að nemandi:</b>  <b>Reynsluheimur</b>            Búi við aðstæður til að læra félags- og tilfinningalega hæfni sem nauðsynleg er til að lifa heilbrigðu og góðu lífi. Styrkja tengsl sín við fjölskyldu sína, jafnaldra, skólann og samfélagið. Geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð sem hafa áhrif á líf þeirra.</p> <p><b>Hugarheimur</b>            Virði samskiptareglur, bæði skráðar og óskráðar og geti nefnt dæmi um slíkar reglur. Auki hæfni sína til að skilja veruleikann. Átti sig hinum ýmsum tilfinningum svo sem gleði, sorg og reiði. Æfist í töluðu máli og framsögn,</p>	<p>Unnið er með Námsefnið fimm ævintýri, okkar innri maður; Við erum öll fædd frjáls (mannréttingayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna); Hugarfrelsi; Aladín; ýmis mynbönd og smásögur. Ýmsar leiðir eru einnig farnar í skólastarfinu almennt til að ná fram þessum markmiðum. Má þar nefna samveru á föstudögum, eineltisdagur, jólaföndur, jólaskemmtun, íþróttadagur og vettvangsferðir. Benda nemendum á leiðir til að tjá sig og koma skoðunum á framfæri Grípa tækifæri sem koma upp til að fjalla um mikilvæg málefni</p>	<p>Nemendur vinna einstaklingslega og í hópum. Umræður, hlustun og frásagnir, leikræn tjáning og myndsköpun. Bekkjarsáttmálavinna</p>	<p>Námsmat byggir á fjölbreyttum matsaðferðum. Oft er um huglægt mat að ræða og erfitt að meta eftir hefðbundnum leiðum. Þátttaka nemenda og vinnubrögð þeirra metin, sem og sjálfsmat.</p>



<p>hlustun og áhorfi, einnig ritun og lestri að einhverju marki.</p> <p>Stuðli að jákvæðum og heilbrigðum lífsstíl.</p> <p>Geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.</p> <p>Sýni ábyrgð í samskiptum við aðra, sýni tillitssemi, umhyggju og virðingu.</p> <p>Átti sig á afleiðingum athafna sinna.</p> <p><b>Félagsheimur</b></p> <p>Taki þátt í samstarfi og samræðum í jafningjahópi um hin ýmsu málefni.</p> <p>Auki hæfni til að mynda og þróa tengsl við aðra.</p> <p>Virkji sig, fjölskyldur sínar, skólann og samfélagið til að skapa námsumhverfi sem byggist á umhyggju fyrir öðrum, væntingum og virkri þátttöku.</p> <p>Fagni fjölbreytileika og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.</p> <p>Auki hæfni sína til að átta sig á sjálfum sér og öðrum, læri að setja sig í spor annarra.</p>			
---	--	--	--